

Fréttapistill frá forseta Íslands

10. desember 2019

Ég bið fólk að hafa varann á nú þegar vonskuveður er víða í aðsigi. Einnig þakka ég björgunarsveitarfólki og öllum öðrum, sem eru til taks. Gangi þeim öllum vel að glíma við þann vanda sem náttúruöflin geta fært okkur. Það er ekki úr lausu lofti gripið að við eigum í okkar máli vel á annað hundrað orða um hvers kyns blástur, allt frá blankalogni til hávaðaroks.

En hér kemur stutt yfirlit um nokkra atburði síðustu viku. Þá nutum við Íslendingar meiri blíðu en nú um stundir víðast um landið og ýmislegt er í frásögur færandi. Fullveldisdaginn 1. desember hélt ég á tónleika Karlaársins Fóstbræðra og Gamalla Fóstbræðra. Þessir höfðingjar komu fram í Hörpu í Reykjavík, fluttu falleg ættjarðarljóð og klykktu út með því að syngja þjóðsönginn. Öll var athöfnin áhrifamikil og söngmönnum til sóma.

Laust eftir hádegi sat ég hátíð brautskráðra doktora við Háskóla Íslands og vísast til fregnar um það á heimasíðu embættisins, líkt og með ýmsa aðra viðburði sem getið er í þessum vikupistli, þótt ekki sé allt hér talið. Síðar um daginn var móttaka á Bessastöðum fyrir forystusveit íslenskra háskóla, bæði starfslið og nemendur. Gaman var að spjalla þar við fólk og fræðast um þá grósku sem finna má á þessum vettvangi auk alls kyns úrlausnarefna og áskorana í bráð og lengd. Íslensk stjórnvöld stefna að því að árið 2025 jafnist útgjöld – nei, fjárfestingar – í háskólageira, rannsóknnum, fræðum og vísindum við það sem gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndum. Það er göfugt markmið.

Að kvöldi fullveldisdagsins héldum við Eliza boð til heiðurs Alþingi Íslendinga hér á Bessastöðum. Þar gafst gott tækifæri til að hitt þingmenn, ræða um landsins gagn og nauðsynjar en jafnframt að slá á léttu strengi. Veislan hófst með tónlist; tveir namar við Menntaskóla í tónlist léku listir sínar með stakri þrýði, söngneminn Sigurrós Arey Árnýjardóttir og Kári Egilsson sem lærir þar píanóleik. Var þeim afar vel tekið eins og vera bar og hlakka ég til þess að fylgjast með ferð þeirra á framabraut.

Þriðjudaginn 3. desember var önnur gleðistund hér á nesinu. Leikskólabörn og namar úr yngstu bekkjum Álfstanesskóla héldu að Bessastöðum, aðstoðuðu við að kveikja á jólatrjám á hlaðinu, dönsuðu í kringum þau og gæddu sér á kakó og piparkökum. Að kvöldi naut ég svo indælla tónleika kvennakóra Domus vox í Hallgrímskirkju, undir öruggri forystu Margrétar Pálmadóttur. Ungir sem aldnir glöddu þar mörg hjörtu á aðventunni.

Í millitíðinni hlotnaðist mér sá heiður að afhenda hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands og flytja við það stutt ávarp. Vísast til fréttar á heimasíðu forsetaembættisins um verðlaunahafa. Þetta var skemmtileg stund og uppistandarar hópsins My Voices Have Tourette fóru á kostum. Á mynd að neðan eru þeir sem fengu verðlaun og viðurkenningar auk forystusveitar ÖBÍ.

Daginn eftir, 4. desember, fékk ég góða gesti í heimsókn, þá Rút Snorrason og Örvar Þór Guðmundsson frá góðgerðarsamtökunum Samferða. Ég hef fylgst með þeim undanfarin ár. Þeir safna fé víða og láta bágstadda njóta góðs af, ekki síst þá sem glíma við erfiða sjúkdóma og njóta við það leiðsagnar fólks sem þekkir vel til kringumstæðna. Hjá Samferða fer ekki ein einasta króna í umsýslu. Allt söfnunarféð rennur til þeirra sem á því þurfa að halda. Á mynd að neðan er Örvar mér á hægri hönd og Rútur hinum megin, báðir brosandi enda stuðningsmenn tveggja stórliða í enska boltanum, Manchester United og Liverpool. Fólk getur unnið saman að góðum málum þótt það greini á í grundvallaratriðum mannlegs lífs.

Að kvöldi héldum við Eliza á jólahátíð fatlaðra á Hótel Esju (eins og ég þekki þann stað enn, Nordica er það víst í nútímanum). Þar var margt um manninn og hver tónlistarmaðurinn á fætur öðrum skemmti gestum. Árum saman hefur gleðigjafinn André Bachman staðið að þessum flotta viðburði, með aðstoð einvalaliðs. André á þakkir skildar fyrir þetta framtak sem svo margir kunna svo vel að meta.

Þennan miðvikudag tók ég líka tvö skref aftur til fortíðar, ef svo má segja. Fyrst heimsótti ég gamla vini og sá ný andlit í bókakaffi í félagsmiðstöðinni við Aflagranda í Reykjavík; þá vikulegu lestrarstund sá ég um í nokkurn tíma hér fyrir á tíð. Ég þakka hlýjar móttökur áheyranda og Hrafns Jökulssonar sem nú stýrir þessum viðburði. Að kvöldi leit ég við í námskeiði Illuga bróður hans um efsögu eða hjásögu við Endurmenntun Háskóla Íslands. Sú söguskoðun snýst um að beina sjónum að því sem gerðist ekki í sögunni, ímynda sér það og nota helst til að útskýra hvers vegna svo fór sem fór hverju sinni. Dæmi: Hitler fellur í fyrri stríði, Hitler brýtur undir sig Bretland í seinna stríði, Suðurríkin halda sínu í bandarísku borgarastyrjöldinni, Kennedy lifir af tilræðið í Dallas 1963. Á sínum tíma kenndi ég svona efsögunámskeið við HÍ og til stóð að endurtaka þann leik vorið 2017. Tilviljanir og ákvarðanir breyttu þeim áformum.

Fimmtudagurinn 5. desember var merkur fyrir margra hluta sakir, dagur sjálfboðaliða, dagur tónlistar og dagur ábyrgrar ferðaþjónustu. Í vonskuveðrinu væntanlega í dag mun reyna á okkar öflugum björgunarsveitir ef að líkum lætur. Á þeim vettvangi sannast vægi sjálfboðaliða í samfélaginu svo að eitt dæmi sé tekið og hér að ofan var minnst á samtökin Samferða og frumkvæði André Bachmans í þágu fatlaðra. Mýmörg önnur dæmi mætti auðvitað nefna.

Ekki náði ég að fagna sérstaklega degi tónlistar en naut víða ljúfra tóna í nýliðinni viku eins og hér hefur verið rakið. Aldrei náði ég þó að hlusta á börn syngja Ammæli Sykurmolanna eða hin lögín tvö sem nefnd valdi til söngs á þessum degi, Froðuna hans Geira Sæm og Enginn eins og þú með Auði, allt saman merkar lagasmíðar fyrir sinn hatt. Hér við Bessastaði söng barnaskarinn gömul og ný jólalög, eins og áður sagði, en ekki skal ég fortaka að einhver þeirra snúi út úr ef kyrjað er „Snjókornt falla á allt og alla, börnin leika og skemmta sér.“ Foreldrar og forráðamenn vita eflaust sumir hvernig seinni hlutinn verður í meðförum kotroskinna krakka (reykingar og bjór koma þar við sögu). Og hér má kannski bæta við þeirri játningu úr minni æsku að við freistuðumst mörg til að fara út af laginu þegar sungið var „Öxar við ána“ og „skjótum upp fána“. Börn og ungmenni geta fundið sér leiðir til að sýnast hipp og kúl án atbeina fullorðinna.

Á þessum ágæta fimmtudegi, degi ábyrgrar ferðabjónustu, afhenti ég hvatningarverðlaun í þeim geira. Ferðabjónustufyrirtækið Hey Iceland varð fyrir valinu í ár og er vel að því komið. Á viðburðinum flutti Andri Snær Magnason síðan fróðlegt erindi um ferðabjónustu og viðmiðaskipti okkar daga.

Eftir hádegi lá leiðin aftur til Bessastaða og tók ég þar á móti nemendum og starfsliði starfsbrautar Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Brautin er ætluð ungmennum sem þurfa meiri stuðning við nám sitt en veittur er á öðrum brautum til þess að þeir njóti sín til fulls. Unnið er út frá styrkleikum hvers nemanda og áhersla lögð á að efla sjálfsmynd þeirra.

Síðdegis höfðum við hjónin móttöku fyrir stjórnir millilandaráða Viðskiptaráðs Íslands. Ráðin gegna mikilvægu hlutverki við að kynna kosti lands og þjóðar erlendis og stuðla að hagkvæmum viðskiptum öllum til heilla. Þetta er stór hópur eins og sjá má á mynd sem hér fylgir.

Föstudaginn 6. desember sat ég virðulega athöfn í Þjóðminjasafni Íslands. Ár hvert veitir Vísindafélag Íslands verðlaun úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright sem er í vörslu þess og kemur það í hlut forseta að afhenda þau. Að þessu sinni féllu þau í skaut Vilmundi Guðnasyni hjartalækni, fyrir brautryðjendastarf í að tengja saman rannsóknir á hjarta- og æðasjúkdómum og erfðum þeirra.

Á föstudagskvöld beið önnur hátíðarstund, jólahátíð Átaks, félags fólks með þroskahömlum. Þar var glatt á hjalla og enn fékk ég að afhenda verðlaun. Átaksfólk veitir ár hvert Frikkann, verðlaunagrip sem er kenndur við Friðrik Sigurðsson, fyrsta heiðursfélaga samtakanna. Í ár hlutu verðlaunin Guðný Hallgrímsdóttir, prestur fatlaðra, og Jón Þorsteinn Sigurðsson réttindagæslumaður og starfsmaður Átaks í fjölda ára. Ég þakka fyrir góða kvöldstund í góðra vina hópi. Á mynd að neðan erum við Aileen Svendsdóttir frá Átaki með verðlaunahöfum og Friðriki Sigurðssyni.

Nýliðinni viku lauk svo með hátíðartónleikum í Grafarvogskirkju þar sem kór hennar, barnakór og Flugfreyjukórinn sungu ýmis lög ásamt einsöngvurum, undirleikurum og hljómsveit. Jólaandi umlukti gesti og þarna var gott að vera.

Ég óska öllum velfarnaðar á aðventunni og vona að allt fari vel í þeim veðurham sem nú vofir yfir.